

Göprún dimmblá skráir
mál litlu kjaftforu völvu

Óðsmál in fornu

ISBN 978-9935-409-40-9

19. ISBN 978-9935-409-18-8

fjörgyn jörð móðir árstíðirnar Svalinn

Mundilfari मण्डल (mañdala)

Göia goði, Óðsmál,
<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejukettir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is




Norræn menning

+354 694 1264; +354 552 8080

Ekki sofa með höfuðið í norður -- getur valdið árásagirni;
höfuðið snúi helzt í austur, annars hvað átt sem er aðra en norður,
(ítar snúa austur og vestur (dauðir, jarðaðir!!).)

Heilinn vinnur bezt þegar við snúum í austur, þalamus firar bezt þá.



©Global Country Global Country þekkingin. Radja Raam læknir sjá. 24., heilinn virkar áttænt. sjá einnig Sthapatya ved byggingarlist, húsaveikilaus híbýli í samræmi við náttúrulögmálinn og manninn.

-Móðir Jörð, þú Þórs og manna móðir,
móðir dýra og gróðurs,
Fjörgyn, heil sértu ætíð!

Má ég flytja þér söguljóð um morgungöngu mína?

Hrímstjörnur hverfular:

Ég geng ein í austurátt
á svörtu malbiki göngustígs
við sjávarströnd
um vetur,
að morgni árla;
að jörð og frost.

Hrímdropar merla
og gera gangstigin að himni

tindrandi stjörnudjásns
því sólin er að reyna að rísa
á austurloftinu
en nennir því ekki alveg þó.



Hún liggur í leti á skýjakodda
geislum hennar algullnum,
teygir sig letilega
og geyspar;
meðan næturhiminn hægt fölvast
allt um kring.

Hrírstjörnudansinn
á malbikinu und fótum mér
þakkar geislum hennar glit sitt
en sólbráðin
brátt
breytir þeim í vota morgundögg.

Hverful fegurð
hvers hleyti er
gyðjunnar miklu för að hlíta
því móðir Jörð
snýr öllum skepnum sínum
að sólarupprás morgun hvern.

-Ég þakka ljóðið.
Gott er að fara í morgungöngu við sólarupprás, völva mín gjörvilega.
Hrírstjörnur þínar fagarar eru jafn hverfular og allar stjörnur aðrar í
veröld

Gakk snemma til rekkju og rís úr rekkju árla.
Í náttar þeli skyli hvílast.
Mennirnir ættu að lifa í samhljómi við ferli hauðs um sólu.
Eyktirnar okkar.



Einnig eru þessi vata-, pitta- og kapha-tímabil sólarhringsins. Menn ættu að vakna fyrir klukkan 6 á morgnana, í lok vata-tímabilsins, áður en kapha-tímabilið byrjar. Menn verða varir við slén og drunga ef þeir vakna í kapha-tímabilinu. Það er vegna eiturefna sem hlaðast upp þá.

Gandharva-tónlist sjá 35., hljóð og efni, og tímabilin fyrir gandarvaved, gandharvaved tónlistar tímabil sólarhringsins.

Gott er að æfa rösklega í morgunsárið, í kapha-tímabilinu milli 6 og 10, fara í góðan göngutúr eða annað hressandi.

Hæfileg áreynsla er best.

Ef maður fer að anda í gegnum munninn, er maður orðinn of móður.

En ekki ætti að stunda æðislega orkufrekar líkamsæfingar í kapha-tímabili kvöldsins.

Endilega sofna fyrir kl.10 á kvöldin!! Bæði börn og fullorðnir.

Kvöldin eru ekki hentug til að vaka og vinna.



Bruninn er mestur og meltingin best á hádegi.

Það er þegar sólin er í hásuðri, hæst á lofti.

Þá er gott að neyta stærstu máltíðar dagsins.

Ekki skyli neyta matar í pittatímabili kvöldsins, næturinnar, kl.10-02.

Þá er meltingin ekki í gangi, en líkaminn að nýta efnin.

(39., „við erum það sem við meltum“!, „allt byggist á hvernig við meltum allt.“)

Í lagi að drekka heitt vatn ef maður vaknar á nóttunni.

Ekki erta magann með neinu til að melna.

Hann er í frí þennan tíma. Annað í gangi.

Nú er það svo skrítið, að klukkan á Íslandi er ekki sama og sólin!
Eitt sinn voru margir tímar í gangi á Íslandi, en nú er klukkan alls staðar eins.



(Ólafur muður og skessan pæla í ríminu.)

Við erum núna á GMT (Greenwich Mean Time), sem er klukkan rétt á núll-lengdarbaug, en Reykjavík er á 21°v.l., Austfirðir að vísu hálf tíma nær 0°. Munur á klukku og sól er hálfur annar klukkutími vestast á Íslandi. Klukkan er 13:30 á lengdarbaug Reykjavíkur þegar sól er í hásuðri, 12:00 skv. sólu.

Ég spurði einhverja snjalla menn hvort við ættum að fara eftir sólinni eða klukkunni okkar, og þeir svöruðu að bragði báðir: The clock and the people. Fara eftir klukkunni og því sem þjóðin er að hugsa, þótt hálfur annar tími sé munurinn á klukku og sólu sums staðar! Það þótti mér skrítið. En sýnir að þjóðarvitundin er meira afl en það sem við köllum staðreyndir.

Við erum alltaf á sumartíma, en það er til að vera nær Evróputímanum. Svo eru þeir þar enn að hringla með klukkuna vor og haust, og telja sig vera að „spara birtu“!! (Daylight saving.) Dagarnir höfðu nú sína lengd áður en klukkan var fundin upp. Ég fæ nú ekki alveg séð hvernig þetta virkar í öllum rafmagnsljósunum.

Rétt er það, völva skýr, að móðir Jörð snýst um möndul sinn og gerir þannig lífi á jörðu morgun, dag og kvöld og nótt.

Yfirborð jarðar er á fleygiferð í austur, með allt líf á jörðu á sér og með sér.

Hægasta hringrás náttúrunnar er líklega Mundilfari minn, mandala. Yndislegt, móðir jörð eitthvað það afslappaðasta sem til er!!! er það ekki svoleiðis mæður sem börnin þurfa?



Öryggi og góður tími til að vera til.

Varðandi 1° á 72 ára festi er að möndulvelta jarðarinnar, sem er hægasta hringrás náttúrunnar sem vitað er um tekur 12×2160 ár að fara einn hring. Mundilfari mandala.

Mismunurinn á rísandanum í vesturlandastjörnuspeki og ævaforu djyotish-útreikningunum, er núna um 24° . Mismunurinn eykst 1° á 74 ára fresti. 30° (stærð stjörnumerks) $\times 74$ ár = 2160 ár. Svona fer stundum um það sem verið er að apa eftir, en grunn-skilninginn vantar í.

Já, yfirborð jarðar er á fleygiferð í austurátt -- með mennina og allt á -- en sá snúningur minn veldur dagrenning handa öllum lífverum.

Orient er austur,
að „órientera” sig er að átta sig,
finna austuráttina.
Austur er eiginlega hin rétta átt.

Allir menn ættu að snúa dyrum húsa sinna mót austri,
mót sólarupprás,
einsog álfarnir.



Shukra ræður í austri, og er það til heilla,
Sóma í norðri, svo í lagi er að hafa inngang norðanmegin.
Sóma er gott (17., Sól Nanna)

En ekki suðurinngang, Surtur fer sunnan með svigalævi,
og ekki vesturinngang, því slíkt gefur ekki heilbrigði.
Og ekki reisa hús sem er skakkt á höfuðáttir mínar, lengdar- og
breiddarbauga.
Alltaf veggina samsíða höfuðáttunum.

Svo segir í Sthapatya-ved og vaastu vidya वास्तु विद्य þekkingu á réttri lóð
undir hús. (vaastu sama og ísl. vist)

Öll hús snúi hárrétt á höfuðáttirnar.
Engin skökk hús!
Sthapatyaved fer eftir breiddar- og lengdarbaugum, og því þarf að reikna
misvísun, þegar segulnorður er fundið með áttavita.

Segulpólar jarðar breytast, oft á fleygiferð við að jörð umpólar sig,
en gráðubaugar, fornir mjög, ekki.

Segulsvið jarðar dregur að sé kossa sólar og myndar sólkrónu norður- og
suðurljósa.

Sthapatyaved hífýli eru þau einu sem borið geta nafnið húsaveikilaus.
Sthapatya ved er þekking til handa mönnum.
Útihúsin fyrir húsdýrin okkar snúa einnig rétt.
Jafnvel býflugnabú hafa opið í austur!

Sjá í gamni og til fróðleiks um þekkingu sem er að enduruppgötvast
Einars Pálssonar endur-uppgötvanir, og viðbætur Péturs:
http://www.prentsnid.is/po/pet_grein.asp?q=e
Pétur Halldórsson Þrídrangar

Stahapatyaved hús eru reist í fullkomnu samræmi við náttúrulögmálin.
Sólkerfið okkar hefur, hér á jörðu, mest áhrif allra náttúrulögmála.

Húsin eru í fullkomnu samræmi við gang reikistjarnanna og sólarinnar
okkar hugsað frá jörðu.
Og í réttum hlutföllum einsog mannslíkaminn,
og taka mið af lífi þeirra sem ætla að búa í þeim.
Byggingarefnin eru lífræn.
Fallegar visindalegar regur eru um aðferðina við að reisa hús.
Fjár þarf að afla heiðarlega.

En við köstum ekki perlum fyrir svín.
Dog-cookers* (1 l., Rígur) óhreinka hina tæru þekkingu með fávizku
sinni.

Svallveizlur og illindi eiga heldur ekki heima með tærustu æðstu þekkingu.

(*Hugtakið dog-cooker er notað í heldur niðrandi merkingu um þá sem sjóða og steikja hræ drepinna dýra sér til matar. Taldir ósnertanlegir af þessum syndar sökum.)


Hinn ósvinni maður verður að þróast um sinn til að vera verðugur þekkingarinnar æðstu og tærustu í öllum sínum myndum.

Hann þarf að öðlast þekkingu, virðingu, tillitssemi, hæversku, skilning, til þess að geta borið nafnið maður.

Það gerir hann með því að hnýsast niður, sóast iðla, gera sig tæran (31., tært taugakerfi).

Á sthapatya-ved húsum er kalash, kálkur, lítill turn beint yfir brahmastnan (miðju) hússins.

Kalash कलश uppi á þaki, sem tengir húsið og íbúana himinhvolfinu.



amrit kalash ódáinsfæðu-krukka/kálkur

Þannig eru turnar upprunalega hugsaðir, notaðir á mörgum byggingum hvar maðurinn vill tengjast hinu æðsta. Í sthapatyaved er kálkur á öllum húsum.

Halli lands skiptir máli, afstaða til vatnsbóls, ár, vatns, sjávarsíðu. -- jafnvel skraut-gosbrunnur er hafður austan-, norðaustan- eða norðanvið húsið.

Sthapatyaved tekur sólkerfið okkar, náttúrulögmálin, með í reikninginn. Hver sólarhringur hefur sín ferli.

Borðstofan er sunnantil í húsinu, sól hæst á lofti um hádegi veldur besta bruna og meltingu í líkamanum. Svefnherbergin eru vestantil, því kyrrð færast yfir þegar sól hnígur í vestri og kraftar dags dvína.

Í norðausturhorni hússins er herbergið þar sem kyrrðarstundin er, þar sem við hnýsumst niður, stundum TM-tæknina til þessa.

Bezt er svo að hugsa og vinna huglæga vinnu í norðurherberginu.
Og snúa í austur -- því þannig vinnur heilinn okkar bezt.

Öll hlutföll eru hin sömu og finnast í mannslíkamanum.
Allt er í fullkomnum samhljómi, í fullkomnu samræmi.

Við höfum ekki á tilfinningunni að við göngum inn í hús,
því sthapatyaved bygging er einsog framlenging af kroppnum okkar.

Sthapatya-ved hús víkka út meðvitund mannanna,

og íbúar svona húsa eru heilbrigðir,
engin snurða á flæði lífs.

Móðir Jörð snýr öllu lífi á yfirborði sínu í austurátt með snúningi sínum,
og veldur þannig sólarhringnum okkar
en
vetri sumri vori og hausti handa lífinu á jörðu
veldur jörðin einnig á brautu sinni umhverfis sólu,
á sporbaugi um sólina okkar miklu, lífgjafa,
miðju sólkerfis okkar.



Þrír dagar á liggandanum um jólin,
og þessir 3 dagar finnast í goðsögnum um sólguðina.

Far inná Google, slá inn axis of earth, earth's axis,
og sjá ótal góðar myndir,
útskýringar á ásríðunum.
Möndulhallanum.

<http://images.google.be/images?hl=en&q=axis%20of%20earth&um=1&ie=UTF-8&sa=N&tab=wi>



ég bendi á síður ©

© http://www.singularvortex.com/pictures/earth_axis.jpg

Image may be scaled down and subject to copyright.



www.dkimages.com/.../previews/939/65030615.JPG

Mundilfari minn gerir stóran hring, mjög stóra mandölu,
26 þúsund ára snúningsferli.
Og Mundilfari mána fæðir.

En árlega, vegna möndulhallans, snýr norðurhvel stundum frekar að sólu,
þá er sumar á norðurslóðum, miðnætursól á Íslandi.
Vetur á norðurslóðum er þegar suðurhvel snýr frekar að sólu.
Það eru jól á norðurslóðum, dauði Baldurs,
dauði og upprisa allra sólguða.
Móðir Jörð er á liggjandanum í 3 daga.
Svo fæðist ljósið að nýju.
Öll sólguð stíga úr Helju til himins eftir þessa 3 daga.
Þau skreppa í myrkrið, kallað að skreppa til Heljar okkar, og rísa svo upp
að nýju.

Hauður er æ ið sama,
en ferlin valda breytingum á lífi á hauði.

Baldur Höður Váli Viðarr eru Óðins synir. (7., tyllidagar)



ferli og hringrás, bræður, synir Óðins
Höður shatrú ((sama og ísl.orðið hata); óvin)

शत्रु (en अशत्रु a-shatrú andskotalaus)

भालु भाल Baldur bhaala bhalú (sólin; glæsilegur) sólguð, fæðing ljóssins

hima (snjór) himinn हिम

Mabon jafndægur á hausti

ostara jafndægur á vori

litha sumarsólstöður

yule vetrarsólvörð géol(a); (7., Sif Ester tyllidagar merkisdagar)

Fjórar eru helstu hátíðir heiðinna manna um árshringinn.

Sjá til fróðleiks: Stjarnvísi í Eddum, eðnoastronomi, astral aspects of Eddas, höfundur Björn Jónsson, læknir, Manitoba, Kanada



Dauði Baldurs sólmyrkvi.

Hver dagur hefur ferli, einsog ég sagði áðan,
þar eð yfirborð jarðar er á fleygiferð í austur.
Það eru eyktir.
Sólkerfið okkar hefur mikil áhrif á lífið á jörðu, daglega.

Munið: ekki þjálfastíft fyrir svefninn;
kvöldganga er góð,
horfa á sólarlagið vor og haust á Íslandi, og á veturna,
en menn ættu að sofa á nóttunni, þótt oft sé freistandi að horfa á
miðnætursólina okkar.

Finnur Magnússon ritaði Inledning af Dagens Tider.
Merkilegt, um messutiðir, Oldnordiske Navne:
fyrri og efri Óttusaungr.
Miðmorgunstið (formessa)
Den skulde holdes „þá sól er í austri”.
Messe-Stunden kaldes undertiden i Norge Primtíð,
Dagmálatíð (Tertztíð), „sól í landsuðri”.
Miðdagstið (Sextíð, hámessu) „sól í suðri miðju”,
Nóna, nóntíð, „sól í útsuðri,
Miðaftanstið, aftansaungr, sálutiðir, daglig Sjølemesse, „sól í vestri”,
Kveldsaungr (náttasaungr).
Finnur ber saman Angelsaxiske, Danske, og endnu bruglige Latinske
Navne.

Mikil regla ríkir í náttúrunni.

Mannshugurinn, af náttúru sinni, getur tileinkað sér reglu.
Röð og regla er grunnur undir alla þekkingu.

Allt byggir á reglu.
Allt grær, þróast, vikkar út, tekur framförum, eftir reglu.
Þessi regla er skapandi regla.

Jafnt í mannshuganum sem annars staðar í náttúrunni gilda sömu
undirstöðuatriðin,
sem finnast einnig í öllum vísindagreinum mannanna.

Maðurinn getur skilið þessa reglu, rannsakað hana.
Maðurinn getur, yfirburða sinna vegna, skilið náttúrulögmálin.

Við að skilja reglu, skilja vísindi, er hann á heimavelli.
Eindin er hans heima, hans heimur og heimili.
Glaðheimar eru heimili vitundar.
Maðurinn er að skilja sig sjálfan!
Hann er skapaður í þessari mynd.

Menn þurfa að lifa í þundarflæði með guðunum, forsetum
náttúrulögmálanna.
Slíkt er markmið og tilgangur.

Maðurinn hefur þau forréttindi að geta lifað meðal guða.
Slíkt hið æðsta á jörðu: mannleg tilvera.
Hann hefur háþróað taugakerfi (Sleipni, 15.) einn lífvera á jörðu.

Hið sívökula svið tilverunnar, óumbreytanlegt, er undirstaða alls.
Þaðan stjórnast alheimurinn.
Það svið er alls staðar. Við erum innan þess. Það er eind.

Heimurinn er einmitt að ná þessu markmiði hér og nú.
Æ fleiri menn sóast, nema upp fimbulrúnir, og heimurinn breytist við
það.

Þeir menn vinna á og útfrá því sviði sem er milljónmilljónmilljón sinnum
kraftmeira en kraftar í veröld.

Á næstu síðu er kort af samsviðinu ©GlobalCountry

hinni sköpuðu veröld
og
mannlegri vitund

samsviðinu auðveldlega náð með TM-tækninni
þegar hugsun verður æ fingerðari
og hugur sóast alveg í Ægi




Figure 4

©GlobalCountry

Hugur manns getur unnið útfrá samsviði allra náttúrulögmála, útfrá ginnungagapi sjálfu.

Ég, ykkar móðir, man margt sem þið mennirnir munið ekki.

Egyptólógar hafa líklega rangt fyrir sér þegar þeir segja að pýramítarnir séu 2500 ára, þeir eru 12.500 ára þeir eru stjörnuathugunarstöð, og þar finnst gullinsnið og fleira sem síðar var „fundið upp“ af grikkjum ofl.

Þegar svinxinn var gerður sneri ljónið með mannshöfuðið í simha leo ljón sólarupprás, eftir önnur 13.000 ár í viðbót kemur það aftur á „sinn stað“.

Á svinxinum eru veðrunarför eftir regn, þúsunum ára síðar kom aðeins veðrun af sandstormum eyðimerkurinnar í viðbót.

Mig minnir að megalít frá mars hafi valdið flóði á jörð (lent á jörðu) og mikil menning farið á kaf.

Hluti hennar er pyramídar sem eru, séð úr lofti, staðsettir sem belti oríons miðað við Egyptaland,

og í Kambódíu er sporðrekinn (stjörnumerkið), en það eru nokkur hof sem nú eru á kafi í skógi, en eru séð úr lofti staðsett þannig að þau mynda sporðrekann.

páskaeyjar falla hér inní,
borgir á hafsbotni
pyramídar mexikó (πυρο- eld, + mál, stjörnukíkir)
Stonehenge hesturinn -- sem er naut
og undarlegir steinar sem sjást úr lofti í ameríku sem tákn um einhver
merkileg skilaboð frá mönnum þessarar menningar.
Þeir töluðu og um himinvagna. Enda sést allt þetta vel úr lofti.

Fara þeir ekki að fæðast núna,
og geta þeir ekki munað eitthvað merkilegt handa ykkur, núlifandi
mönnum?

Perlukafarar við Japan sjá að hús borgar, sem þar eru undir sjó, snúa öll
rétt á höfuðáttirnar.
Sthapatyaved byggingarlistin ævafora telur að öll anddyri húsa eigi að
snúa í austur,
og öll hús eigi að snúa rétt á höfuðáttir.
Stahapatyaved er um húsaveikilaust hús og heilbrigði fólksins.
Slík hús víkka úr meðvitund íbúanna.
Einnig gott sem skrifstofu- og atvinnuhúsnæði, því húsin eru byggð með
sólkerfið í huga.
Sólin okkar og það allt hefur áhrif á lífið mitt, jarðlíf lífveranna á jörðu.
Við erum náttúrulögmálin og skulum lifa í flæði með þeim.

Náttúruleg fyrirbæri eru allt í kringum okkur. T.d.:
* Náttúran fer alltaf auðveldustu leiðina. Rembist aldrei, stríðir aldrei.
* Þyngdaraflíð, aðdráttaraflíð, tímarúmsþynnun, sést alls staðar í
skapaðri veröld. Steinn sekkur til botns,
við vitum af jörðu á sporbaug. Ekkert á jörðu dettur úti geim.

Einnig, þegar mannshugurinn sameinast ginnungagapi,
* fer hann auðveldustu leiðina. Áreynzlulaust og sjálfkrafa. Náttúrulega.
* Á sama hátt sekkur hann í djúpið áreynzlulaust,
sekkur í djúpið mikla, alheimsvitund.
Römm er sú taug er rekka dregur fœðurtúna til, í þessu tilfelli tívatúna
til. Heim.

TM-samsviðstæknin byggir á eðli mannshugans.

Ferlið innávið er fyllilega skiljanlegt, mælanlegt, eðlilegt, sjálfkrafa og
auðvelt. Náttúrulegt ferli.

Nýsta ek niður, féll ek aftur þaðan,
aftur og aftur.

Aðeins þarf að læra rétt að setja ferlið af stað.
Svo gerist sjálfkrafa að fingerðasta hugsun hverfur.

Það má hugsa sér þetta ferli sem náttúrulögmál.
Mantrað, hið goðumkæra hljóð, heldur huganum fljótandi, „hangandi”
-- veit ek að ek hékk --
og það gefur huganum tækifæri til að sökkva -- af náttúru sinni -- í Ægi.

Maður sem stingur sér af kletti á ströndu þarf tækni til að stinga sér.
Maður sem ætlar að kafa í Ægi þarf TM-samsviðstæknina.

Í Ægi er ekki svið Gunnanna þriggja (3., 5.), trigúna náttúrueiginleikar.
(36., eiginleikar náttúrunnar III).
Hnýsist því niður og nemið upp fimbulrúnir og stinna stafi.

Ég hlakka til að mennirnir komist á hærra vitundarstig.
Þá verður allt mannlíf fagurt.

Þá fitnar ekki Fenrir af græðgi mannanna, og móðir Jörð verður kát.
Jörð iðjagræn, falla fossar, flýgur örn yfir.

Maharishi, heims mesti eðlisfræðingur, útskýrir grundvallaatriðin
sem finnast með vísindum,

grundvallaratriðin sem og eru til staðar í vísindunum,
-- nútímavísindum sem og ævafornum vedavísindum --.

Nútímavísindi eru að læra af vedavísindum það sem enn á vantar.

Vísindi vedanna samsvara fyllilega reynzlu manna sem sóast, hnýsast
niður.
Sama regla, sömu fyrirbærin, samsvarandi í öllum vísindum.
Skiljanlegt öllum hugsandi mönnum.

Lærdómur og prófgráður mega aldrei blinda vísindamenn með
sjálfumgleði og menntahroka.
Ef þeir sjá meiri sannleik en kenndur var, þurfa þeir að hafa lítillæti til
að vilja skilja.

Einnig er skemmtilegt að 16 meginreglur kennir maharishi
eðlisfræðingur, reglur sem alls staðar finnast.
Þær eru kenndar í vitundarþroskamenntun (37.), og verða brátt í öllum
skólum.
Hver meginregla (allar þessar 16) finnst alls staðar meðal manna á jörðu
í lífi hvernar þjóðar:
* í ljósi siða og venja fjölskyldnanna,

- * sjást á samspili loftslags og náttúru landanna annars vegar, og hins vegar áhrifa þessa á lífsvenjur fólks á hverjum stað,
- * allar þessar 16 meginreglur finnast, hver og ein, hjá öllum þjóðum, svo sem í stjórnaðarskrám þeirra, orðum framámanna þjóðfélags, og þeirra sem hafa glæsta framtíðarsýn handa þjóð sinni,
- * þær er allar 16 hægt að finna í ótal málsháttum og orðtökum þjóðanna.

Mörg eru ferlin sem móðir Jörð þekkir,
 séð frá jörðu hafa mennirnir hús og heima guðanna sinna og annarra.
 - Álfheimar - Ýdalir - Þrúðvangur - Nóatún - Glitnir - Fólkvangur -
 Himinbjörg - Breiðablik - Þrymheimur - Gláðheimar -
 Fensalir/Sökkvabekkur - Valaskjálf -

Reikistjörnurnar (sjá 24.) Óðinn Týr Jörð Freyja Þór Loki á reiki kringum Sólu.


Móðir jörð á fleygiferð um sólu einsog aðrar reikistjörnurnar okkar,
 og vegna möndulhallans eru suðurhvel og norðurhvel misjafnlega
 upplýst, þ.e. við höfum vetur - vor - sumar - haust, hið eilífa ferli okkar
 jarðarbúa og gróðursins og dýranna,



og yfirborð móður jarðar, með okkur á, er á fleygiferð í austurátt og
 veldur þannig sórarupprás - degi - sólarlagi - nótt,

hinu eilífa ferli okkar jarðarbúa,
 sem kroppurinn okkar fylgir líka:

Við erum svöng um hádegi þegar bruninn er mestur í líkamanum, og
 syfjuð á kvöldin þegar orka sólar dvínar,
 sofum á nóttunni
 og vöknum fersk að morgni.



Þór Jarðarbur

Mjöllnir er líka ferli, sem við verðum að skilja, því við þeytum honum úti buskann og hann kemur alltaf aftur til gjörandans.
Þannig brjótum við braut geislum rísandi sólar við sólarupprás í austri, berjum tröll í austri. (1., 32., tröll.)

Hér er átt við hin andlegu verðmæti mannanna,
og það er nátengt lífinu á móður Jörðu.

Með hækkandi vitundarstigi verður fagurra mannlíf á jörðu.
Mennirnir fara að skilja gjafir náttúrunnar og hver dýrmæti þær eru.
(36., móðir náttúra hin ámatka mjök.)

En hér er dæmi um ekki ferli, sem er auðvitað frat,
platferlið: þrjú vitundarstig manns eingöngu, þótt nauðsynleg séu:

Við (1) sofum djúpsvefni og þá er bara slökkt á kollinum okkar,
(2) í draumsvefni dreymir okkur því heilinn er að þvælast í alls konar gömlum hugsunum sem verða bara skáldsaga næturinnar,
og
(3) svo erum við vakandi og hugsum.
Þetta eru þrjú vitundarstig sem mælast vel, hvert og eitt, sem sérstakt samsvarandi líkamlegt ástand, samsvarandi hverju og einu þessara þriggja þátta „ekki ferlis”.

Ekki djúpt, og ekki ferli,
því þetta er þreytandi hringsól allt á sviði í hinnar sköpuðu hverfulu veraldar, og þar með vantar botninn í tilveruna!

Þannig líf er næringarlaust.

En það er til einfalt ráð til að bæta úr þessu:
Hafa samband við náttúrulögmálin. Fá næringu úr eindinni,
stunda samsviðstæknina TM, sem vísindalega sannað er að virkar 100%.

- * Djúpsvefn, (1) er góð hvíld og nauðsynleg,
- * draumsvefn (2) er bara, ja, hvað á ég að segja: draumsjónvarpið sem afþreying eða til að vinda ofanaf, heilinn að þvæla í eigin hugsanabing, en draumsvefn er samt talinn nauðsynlegur fyrir mann,
- * og vakan (3) er dýrmætur tími til að vinna og skapa og gleðjast.

En án 4. vitundarstigsins verður maðurinn þreyttur og rótlaus.

Þessi þrjú vitundarstig eingöngu leiða ekki nógu vel til þroska og þróunar.
Sá, sem sefur, dreymir, vakir, er grunnlaus. Hann verður þreyttur, safnar upp streitu og ama sem veldur veikindum.

Þetta þrennt (vaka draumsvefn djúpsvefn) er á sviði tíma og rúms, hinnar sköpuðu hverfulu veraldar.

vinna og hnýsast, regla



góð regla skapar heilbrigði,
vakna snemma, stunda TM, vinna, stunda TM, ganga árla til rekkju á kvöldin.



TM-iðkun dýpkar huga í vidd og Glaðheimagleði.
Áhrifin vara eftir iðkun og aukast með tímanunum til fullkomnunar.

Og það sem er enn verra ef við hnýsumst ekki niður, er, að við nýtum aðeins 5% til 10% af heilanum okkar í einu í þessu fratferli, platferli -- vöku, djúpsvefni, draumsvefni -- þar eð ekkert samræmi er milli heilastöðvanna. Hver hluti vinnur í einangrun,



en úr þessu bætir vitundarþroski,
allur heilinn nýtist og allar heilastöðvar vinna saman.

Sjá 37., vitundarþroskamenntun:

Við vitum nú hvað er til ráða,
hvernig getum við nýtt heilann betur og samræmt.

Ekki nema von að sá sem ekki veit spyrji hvort virkilega sé hægt að hækka greindarvísitölu manns!!!

Vita menn

að þeim mun tærari sem þeir verða, tærara taugakerfi, streitulaust,
þeim mun auðveldar verður að uppfylla óskirnar okkar og þrár.

Langanir verða sjálfkrafa réttar.
Guðin vinna með okkur.
Minni fyrirhöfn meiri árangur.


Leiðin til árangurs á auðveldan hátt er að hægja á.
Meiri kyrrð og meiri kraftur.

Langanir verða heilbrigðar.
Við eyðum ekki tíma né hugsun í fánýti og arðrán.

Mikil er ábyrgð mannanna,
en móðir Jörð er þeim góð móðir, þótt þeir séu á gelgjuskeiðinu og
barnabrekaskeiðinu.



Búi



Kýoto Santa-Claus
Einhver fann út að jörðin er kúla, ekki flöt,
og nýjustu uppfinningar segja að jörðin sé ekki sívöl oliutunna.

samþykkt að menga meira.

Ég verð að biðja mennina um að gefa gaum
umhverfi,
hegðun,
líkama
huga
vitund:

Umhverfi,
sem er í fullkomnu samræmi við náttúrugömlín, gefur öllum betri
heilzu.

Athugið að heilza er heild+sla. Heill og sæll, segjum við. Heild.
Samræmi í umhverfi veitir vellíðan og hamingu.

Best er að spila gandharva-ved tónlist, sem hentar hverju tímabili sólarhringsins, og sendir gungni samræmis og jafnvægis út í umhverfið, skapar sóma-mjöð.

Gandharvaved veldur friði í umhverfinu.

Heilzusamlegt,

rétt einsog sthapatyaved heimili.

Hegðun,

sem stuðlar að heilzu og hamingju, er hið æskilegasta fyrir alla menn.

Bezt er Maharishi aayur-veda (39.), „ævi-þekking“, og einkum er vizkan dýrmæt börnunum sem eru að vaxa úr grasi. (37.)

Vata-olía, sem sótar út ótærleika gegnum húðina með sérstöku daglegu nuddi, kemur jafnvægi á vata (3., þríeindir).

Vata-olíu sjálfsnudd lífgar og bætir ónæmikerfið.

Hugurinn þarfnast tærleika líkamans.

Húðin er stórt líffæri og þarf að vera hrein og fin, og geta losað sig við úrgangsefnin.

Streita veldur heilanum vandræðum.

Ákvarðanir stressaðs manns eru oft rangar. Hugsunin er skammsýn og ekki skýr.

Frumhlaup og rangar ákvarðanir koma af stressi.

Líkaminn,

sem Maharishi aayurved hugsar vel um, þarf að virka fullkomlega rétt.

Öll kerfin, blóðstreymi melting ónæmi öndun hægðir og það allt, og öll líffærin, hjarta augu lifur húð og það.

Til eru góð ráð og alls konar vata pitta kapha -vörur, úr hinni ævafornu þekkingu, maharishi aayur-ved, rannsökuð í áratugi nú.

Hugurinn,

sem hefur hæfileikann til að öðlast þekkingu, skilja, muna, rökhugsa, ætti ekki nokkurn tíma að komast í tæri við eiturefni né heldur streitu.

Öll starfsemi huga manna, og ekki hve sízt nemenda(!), þarf að vera snurðulaus.

Endilega hættið allri eituruðun, því móðir Jörð biður skaða af, svo og heilza manna og dýra og plantna.

Maturinn þarf að vera alhreinn. Loftið sem við öndum að okkur hreint.

Vitund,

er dýrmæt.

Allt sem maðurinn neytir, hugsar, segir, eða kemst í tæri við, hefur áhrif.

Fæði ræður gæði hugans: djaisaa khave anna, vaisaa bane mana (eða framborið á hindi:) djaisa khave ann, vaisaa bane man

जैसा खवे अन्न वैसा बने मन

Til eru jurtir sem hafa sérstakan gungni (35.) þess eðlis að samhljómur kemst á líkama og huga. Bylgjur sem endurvekja glatað samræmi. Setja hinn upprunalega heilbrigða samhljómi inn á ný.

Náttúran sér fyrir öllu lífi móður Jarðar.
Maðurinn hefur riðlað samræmi á mörgum sviðum.
Nú er þekkinging enduruppgötvuð. Njótum hennar.
Allt þarf að vera tært og ómengað,
jafnt matur, maður og hugarfar.
Mannlega einstaklingsvitundin fær svo næringu úr óendanleika alheims-
vitundar.

(Sjá 39., matur er mannsins megin,
og 36., móðir náttúra.)

Græðgin er ekki til góðs (36., Grótti)

Gert var grín að heiðnum mönnum fyrir að sjá móður Jörð sem lifandi sé.

Heiðnir menn bera virðingu fyrir mér sem gjöful gyðja væri.
Heiðnir menn sjá móður jörð sem samhljómandi heild,
úr Ymi,
vötn jarðar sem blóð, fjöll jarðar sem bein, skóga jarðar sem hár.

Allt úr ymjandi Gungni Ymis.

Það er í raun rétt að móðir Jörð er gefandi gyðja.
Margt á jörðu er ekki sjáanlegt mannlegum augum,
ekki er allt sem sýnist.
Tilfinning fyrir dýpt og mikilleik verður stundum heimskra manna spotti
að bráð.
Því þeir sjá ekki.


Sólkerfið okkar hefur mest áhrif á lífið á jörð. En



skjöldurinn Svalinn

ver okkur fyrir óæskilegum geislum.
Skyldu forferður okkar hafa vitað af ózon-laginu, sem ei má falla frá?
Svalinn er skjöldur sá sem ver lífið á jörðu gegn óæskilegum geislum.
Hann er lofthjúpur minn í mörgum lögum.

Veit ek að haf og hauður munu upp brenna falli hann frá.



ÓÓ !!

Þjóðvitnir

(hugsi, tautar):

-Ég er að gera gat á ozonlagið.

Bræða snjó.

Margir menn í vinnu hjá mér.

Það er til þess að Ullur leiðindapúki og brennuvargur (4.skræða) bruni ekki um á skíðum í brunahugleiðingum.

Líklega fær hann sér ekki torfærubíl eða krossara (mótorhjól) sem mengar (því það getur hann ekki verið þekkur fyrir),

heldur reiðhjól og reynir að komast yfir vegleysur á því, hahahahehíhí.

Verst ef hann fattar þetta með hreindýrasleða Óðins til að þyrja þjóð yfir, eða Tanngrisnis og Tanngnjósturs þrumuvagn Þórs.

-Þjóðvitnir minn!

Gott er að nú skuli komin sat-yúga.

Við erum ekki að ræða eingöngu snjó,

heldur tákna fjallatoppar vitundar snævi þaktir markmið manna um vitundarþroska.



Ullur öndurás



Skaði öndurdís



Skaði leitar Baldurs

öndur अञ्चन् (29, íslenska og sanskrít)

Þekkingin er lagskipt.

Ég er jarðlíf mannanna,

og hér eru þeir á sinni þróunarbrautu.


Kali-yúga er að ljúka núna.

Hún mun vera 432.000 mannaár, segja menn,
432.000 ár á því máli sem menn kalla ár.

Sat-yúga, satya-yúga er gengin í garð, og margir háþróaðir einstaklingar
eru að fæðast núna; þeir gátu ekki fæðst inn í hinar myrku aldir;
þeir þurfa að halda áfram á sinni þróunarbrautu núna.
Og heimurinn er mjög góður þegar mikið er af þannig fólki á lífi.
Nú er gaman að vera lifandi, maður eða dýr, á móður Jörðu.
Gaman fyrir hina sem dánir eru að fæðast á ný, nú inni sat-yúgu.

Nú eru að fæðast menn sem skilja.
Þeir fá þekkinguna miklu.
Þeirra hleyti er að breyta lífi á jörðu til fullkomins mannlífs.
Vísindin eru fyrir hendi.
Aðeins vantar fleiri menn sem skilja.
Fleiri sem stunda samsviðstæknina og hækka þannig vitundarstig heims.
Ekkert er ómögulegt þegar unnið er í samsviðinu, út frá samsviðinu,
en mannshugurinn hefur til þess hæfileikann,

og nú fáum við þekkinguna og vísindin.
Hið eins sem til þarf er að tengja vöku (vitundarstigið) við 4.vitundarstig,
en það er mjög auðvelt með samsviðstækninni, TM.
Milljónir manna nota tæknina daglega nú á tímum.
Æ fleiri bætast í hópinn.



Lífsnæringin mikla er hér.

Þeir sem langt eru komnir á sinni þróunarbrautu fá þekkinguna tæra,
--- skilninginn ---
en sú gjöf er samfara því að gera rannsóknir innan vitundar,

þ.e. tengja vöku (eitt af þrem vitundarstigum sem við þekkjum)
við 4. vitundarstig,
sem er hið Gunnalausa svið (sjá þríendir í 3ju skráðu),
dýpra en dýpsta svið hugans, þegar jafnvel hugsun sóast og hverfur.



Nýjárskort frá indverskum vinum berast í mars ár hvert

नव वर्ष की शुभकामनाएं



Nú er aldur heimsins kringum 1.955.885.110 ár
allavega var hann 8.apríl '97 1.955.885.098 ára.
Ram Swarup sagði 13.júlí '03 1.955.885.104 ára
(á guru purnima 13.júlí).

Brahma, skapari, gervir, lifir í 100 Brahm-ár, en 1 Brahm-ár er mjög mjög mjög langt. Við skulum nú ekki fara nánar út í þær svimandi tímalengdir. Of mikið fyrir heila liltu mannanna að ná því.

Við skulum frekar fara útí eitthvað sem er augljósara:

Íslendingar sjá að jörðin er kúla.
Loftið hér norðurfrá er svo tært. Við sjáum svo langt.
Ekki mistur, sem margar suðrænar þjóðir búa við
-- og telja „sjálfsagt“ -- en er eyðilegging á fjarlægðarsýn.
Og við eigum úthaf.
Við sjóndeildarhring kom fyrst í ljós mastur,
svo segl,
svo bátur með mönnum,
Síðar á öldum sást fyrst reykurinn úr togurunum,
svo strompur,
þá skipið.
Íslendingar skilja kvæðið „þegar Hornbjarg úr djúpinu rís“.



ISBN 978-9935-409-18-8

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar)

raastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्षि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar. Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála /„stjórnarskrá alheims“. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvísindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lifa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं.... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-,

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रह्मस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun. Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -vísindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkomnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hvernar einustu þjóðar á jörðu veldur friði. Við heyjum frið með vísindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hverra forsetar guðin okkar eru. Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð” sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rötföstum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnnaðar“ íslenzkri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenzka menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharma). परधर्म (paradharma), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknmál okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað ið hulda Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður” gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprellumifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtalækjarhljóð
Goþrún dimmblá
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
